

Klakkur

Laugardaginn 12. desember kl. 14 heimsækir Bjarni Harðar okkur, og les upp úr bók sinni SVO SKAL DANSA, við bjóðum upp á kaffi og piparkökur.

Jólapotturinn byrjaði 1. desember, þeir sem versla fyrir 5.000,- eða meira fara í pottinn.

Dregið á Þorláksmessu kl. 21.30



Opið 8-12 og 13-18 mán. – föstud. (lokað í hádeginu)
Laugardaga 10-16

Klakkur ehf
Smiðjuvegur 9
S. 487-1223

VITINN

ÚTG. FRÉTTABÚI SÍMI: 4871429 FAX: 4871206 NETFANG frettir@simnet.is

Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 10 á þriðjudagsmorgnum

Trommusett til sölu.

Uppl. í síma 8938962
Anna Birna



Óskum öllum Vestur-Skaftfellingum

*gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári*

Starfsfólk Króm og hvítt

Bráðum koma blessuð jólin

Bráðum koma blessuð jólin börnin fara að hlakka til. Allir fá þá eitthvað fallegt í það minnsta kerti og spil. Kerti og spil, kerti og spil, í það minnsta kerti og spil.

Hvað það verður veit nú enginn, vandi er um slíkt að spá. En eitt er víst að alltaf verður ákaflega gaman þá. Gaman þá, gaman þá, ákaflega gaman þá.

Jóhannes úr Kötlum

Jólaprifin á bílnum

Senn líður að jólum

Bjóðum upp á þrif á bílnum þínum fram að jólum.

Fólksbílar kr. 6900

Jepplingar kr. 8900

Jeppar kr. 10900

Innifalið í verði: Tjörubvottur og bón utan. Létt þrif að innan

Tímappantanir í s: 844 5252

Jólakveðja

Jeppar og allt ehf



SMÁAUGLÝSINGAR

Mýrdælingar og nærsveitungar !

Krakkarnir í 8. og 9. bekk Víkurskóla ætla að selja hýasintur til fjáröflunar fyrir námsferð til Danmerkur. Þau ætla að selja í búðinni, skálanum og bankanum föstudaginn 18. desember frá kl. 14.00 til kl. 18.00 (16.00 í bankanum) og laugardaginn 19. desember frá kl. 11.00 til 13.00 í búðinni og skálanum.

Hýasintan kostar 500 kr.

Hægt er að panta fyrirfram hjá mæðrum krakkanna
(heimsending fyrir fyrirfram pantað):

Mæður:	sími:	netfang:
Íva	8642188	iva@sudur.is
Anna Birna	8938962	annabirna@sylumenn.is
Linda	8484949	lindalorange@simnet.is
Petra	8660786	solheimar2@simnet.is



Styrkjum krakkana til mennta og víðsýni á framandi slóð !!!
Fjáröflunarnefndin

Skógræktarfélagið Mörk auglýsir

Jólatrjáasala í reit skógræktarfélagsins Stóra-Hvammi, Fossi
á Síðu sunnudaginn 13. desember frá kl. 13:00 til 15:00



Velkomin í skóginn að velja ykkur jólatré.
Verðið er kr. 2.800.-

Þjóðum upp á heitt súkkulaði og smákökur.
Njótum útivistar í skóginum.

**VINSAML. ATH. Auglýsingatími Vitans er til
kl. 10 á þriðjudagsmorgnum, eftir þann tíma
er ekki hægt að treysta á að þær verði birtar .**

Samantekt vikuna 30. nóvember
til 7. desember 2009

LÖGREGLAN HVOLSVELLI

Alls voru 77 mál þessa vikuna á
Hvolsvelli.

Í vikunni voru 10 teknir fyrir að aka of
hratt í umdæminu Hvolsvöllur, en sá sem
hraðast ók var á 124 km hraða.

Sérstakt eftirlit var með ölvun- og fíknief-
na akstri um s.l. helgi og verður áfram fram
yfir jól. Allir sem verða á vegi lögreglunnar
eru stöðvaðir og kannað með ástand öku-
manna og ökutækja. Einn ökumaður var
stöðvaður um s.l. helgi grunaður um að hafa
ekið undir áhrifum áfengis. Hann má búast
við sekt, en hann var sviptur ökuleyfi fyrir.

Kannað var með ljósúnað ökutækja og
notkun öryggisbelta. Einnig var kannað með
ökurita flutningabifreiða og voru tveir
kærðir fyrir ranga notkun þeirra. Einnig var
kært fyrir að nota ekki bílbeltin.

Á aðfaranótt laugardagsins var rútbifreið
stöðvuð en hún ók án ljósa og var hún
stöðvuð af í Vík og gisti ökumaður þar á
hótelum um nóttina. Hleðsla bifreiðarinnar var
biluð. Hann þráaðist við og fór af stað
snemma um morguninn, svo virðist án þess
að laga ljósabúnaðinn áður. En austan við
Höfðabrekku, Vík í Mýrdal ók hann á tvö
umferðarskylti (akreinarmerki) sem eru á
varnargarðinum. Þessi ökumaður sem var á
leið austur hélt áfram för sinni án þess að
tilkynna um atvikið en bæði skyltin voru
mikið skemmd eftir. Smá brot úr framenda
rútunar fannst á vettvangi með lit rútunnar.
Var lögreglan á Austurlandi fengin til kanna
með bílinn og reyndist þetta vera tjónval-
durinn.

Nú er rjúpnaveiðitímabilinu lokið eða
þann 6. desember s.l., en minna var um rjúpu
þetta árið að sögn veiðimanna. Sumir hafa
kennt refnum um en mikið hefur sést af ref á
ferðinni og eru þeir mikið í rjúpunni.

Annars getum við ekki annað en verið
ánægðir með vikuna þar sem engin slys urðu
á okkar svæði þessa viku.

*Tekið saman af, Guðmundi Ingasyni,
varðstjóra*

Fréttatilkynning frá Kvikmyndasjóði Skaftfellinga

Kvikmyndasjóður Skaftfellinga lét á
árunum 1952-1958 gera kvikmyndir í
Skaftafellssýslum sem fjalla um horfna at-
vinnu-, menningar- og lífnaðarhætti auk
kynningar á byggðarlögum og landslagi í
sýslunum. Myndirnar greina m.a. frá
meltekju og kolagerð, sem eru með öllu
horfnir atvinnuhættir, um fýlatekju,
fiskveiðar í sjó og vötnum, samgöngur á sjó,
í lofti og á landi, bústörf fyrir daga vélvæðin-
gar og kvöldvökuna sem kölluð hefur verið
eins konar háskóli landsins.

Myndirnar tóku Vigfús Sigurgeirsson ljós-
myndari og Ósvaldur Knudsen kvikmynda-
gerðarmaður. Þær eru 9 að tölu og eru frá 10
til 36 mínútur að lengd. Myndirnar eru með
íslensku tali sem er flutt og samið af Jóni
Aðalsteini Jónssyni, cand. mag.
Kvikmyndasjóðurinn hefur nú gefið þessar
myndir út á geisladiskum. Þeir eru tveir í
setti. Bætt hefur verið bæði íslenskum og
enskum texta inn á myndirnar.
Diskunum fylgir allitarlegur kynningarbæk-
lingur.

Diskarnir verða til sölu víða og má senda
fyrirspurnir um sölustaði á
pimslan@islandia.is

Verð á diskunum verður vitað eftir 8. des. en
verður nálægt 5 þús. báðir diskarnir.

**Fást hjá Vitnum;
símar 487 1299 - 487 1429**

Diskarnir í Jöklanda skjóli eru m.a.
tilvaldir í jóla- eða aðrar tækifæringsgjafir.

Á DÖFINNI

8. des. Tónleikar Ragnheiðar Gröndal í
Víkirkirkju

13. des. Lúsíutónar Tónskólans

16. des. Jólásýning Klappstýruliðs Kötlu í
Íþróttahúsinu kl. 18:00

13. des. Jólatrjáasala skógræktarfélagsins
Merkur kl. 13:00 til 15:00



Eigendur bifreiða með öikumæli takið eftir!!

Þriðjudaginn 1. des. hófst álestrartímabil af öikumælum bíla og tengivagna yfir 10 tonn að heildarþunga, og stendur yfir til þriðjudagsins 15. des. Lesið verður af mælunum í áhaldahúsinu í Vík alla virka daga á tímabilinu frá kl. 8:00 til 12:00 á hádegi. Í Skaftárhrepp verður lesið af mælum föstudaginn 11. des.

Nánari upplýsingar veitir Vegagerðin í Vík í síma 522-1372
Vegagerðin

Skrapp í heimsókn til Filippusar á Núpsstað í gær, á afmælisdaginn hans. Hann var brattur að venju og áttum við saman afar ánægjulegt spjall, bæði um liðna tíð, en ekki síður um nútíðina og framtíðina.

Það er mikil gæfa hverjum sem heldur andlegri heilsu á efri árum jafn vel og Filippus gerir, og jafnt þó líkaminn sé eðlilega farinn að gefa sig nokkuð.

Um síðustu helgi (28.11.'09) héldu ættingjar og vinir Filippusar honum heiðurssamsæti á Hvoli í Fljótshverfi.

Þar flutti Sigurður Sigurðarson fyrrverandi dýralæknir Filippusi drápu, við skaftfellska stemmu. Filippus leyfði mér góðfúslega að senda drápuna til birtingar, með góðri þökk til allra sem heiðruðu hann á afmælinu.


Filippus með fasið djarft flýgur á bíl um vegi.
Hjálpráð telur þeigi þarfir og þiggur svoddan eigi.

Hann vill sjálfur hjálpa sér og halda frelsi lengur.
Þetta er nú, þykir mér, þreklundaður drengur.

Unglegur ég segi satt senn er öld að baki, með skýra hugsun, skapið glatt og skerpu í handtaksi.

Nafn hans þekkist nær og fjær og næriri hjartarætur Óskir bestar okkar fær öðlingurinn mætur.

Kveðja. Guðm. Óli Sigurgeirsson



Góða stjarna, geislinn þinn gyllir rökkurhimininn. meðan ljós þitt skæra skín skyldi rætast óskinn mín? einhyrningur verði hann hesturinn ljúfi sem ég ann

"Töfraþula í bókinni sem heitir Einhyrningurinn en bókin er eftir Lindu Chapman"

HÁRGREIÐLUSTOFAN Í VÍK



Kæru viðskiptavinir.



Nú styttist í jólin, munið að panta tímanlega!

Er með 20% afslátt af gjafaöskjum til jóla.

Ath! Að lokað verður milli jóla og nýárs.

Bestu kveðjur, Þorbjörg sími: 847-1858

Jólastemning á Hótel Lunda 12. des


**Laugardagskvöldið 12. des.
ætlum við að hafa opið í jólamatseðil:)**

Rómantísk kvöldstund við notalega lifandi tónlist fjallabæðra.

**Síðasti dagur til að panta er
miðvikudagurinn 9. desember**

Opinn bar fram eftir nóttu

Borðapantanir í síma 662 66 55



Ræktun fólks og foldar

Út er komin bókin Ræktun fólks og foldar. Það kemur fram í aðfararorðum bókarinnar að það voru synir þeirra hjóna, Þórhallur íþróttakennari, Sveinn landgræðslustjóri og Halldór yfirdýralæknir sem ákváðu að heiðra minningu foreldra þeirra, en Runólfur hefði orðið eitt hundrað ára 27. desember n.k. Leituðu þeir fyrst til Páls Lýðssonar bónda og sagnfræðings sem tók verið að sér en lést með sviplegum hætti þegar það var að hefjast. Þá tók Friðrik G. Olgeirsson sagnfræðingur við verkinu. Hann var kunnugur ýmsum þátum í störfum þeirra hjóna eftir að hafa skrifað Sáðmenn sandanna, sögu 100 ára landgræðslu á Íslandi.

Bókin er ævisaga frumkvöðlahjónanna Runólfs Sveinssonar, sem fæddist í Ásum í Skaftártungu árið 1909, og Valgerðar Halldórsdóttur en hún fæddist á Hvanneyri árið 1912. Greint er frá uppvexti þeirra beggja, námi og störfum. Bókin er hvort tveggja í senn saga hugsjónafólks sem lagði sitt af mörkum til að efla hag lands og lýðs og saga baráttukonu sem varð ekkja með þrjá unga syni aðeins rúmlega fertug.

Bókin er 335 blaðsíður að lengd og prýdd fjölda frábærra mynda. Hún er prentuð í Prentsmiðjunni Odda.

Nánari upplýsingar veitir Sveinn Runólfsson sveinn@land.is og í síma 893-0830.

***Bókin er til sölu
hjá Klakk í Vík.***

Félagsmiðstöðin Klaustrið

á Kirkjubæjarklaustri tók þátt í Stíl 2009 sem er hönnunarkeppni Samfés. Hún fór fram í Vetrargarðinum í Smáralind 21. nóvember. Alls tóku 62 lið þátt alls staðar af landinu. Þema keppinnar var Endurvinnsla. Sérstök heiðursverðlaun Sorpu fékk lið Klaustursins fyrir frumlega og umhverfisvæna lausn. Fyrir Klaustrið kepptu Fjóra Sigmarsdóttir, Jóna Ástudóttir, Svanhvít Jóhannsdóttir og Herdís Lind Jónsdóttir (sem einnig var módelið).

Því miður prentast myndin svo illa af stúlkunum að hún er alls ekki birtingarhæf. Kv. Sæunn



Lúsiutónar

**Tónskólinn stendur fyrir Lúsiuhátíð í Víkurkirkju
sunnudaginn 13. desember kl. 14:00**

Frábær og óvenjuleg skemmtun fyrir alla fjölskylduna
Lúsiuganga við kertaljós og söng

Sr. Haraldur M. Kristjánsson prófastur segir frá uppruna Lúsiu

Sabína Victoria Jonsson minnst Lúsiuhátíða í Svíþjóð

Harpa Jónsdóttir kynnir Staffan hestasvein og heilagan Stefán

Söngur og hljóðfæraleikur
Aðgangur ókeypis og allir hjartanlega velkomnir

Jólabasar

Jólabasar verður í Norður-Vík
fimmtudaginn 10. desember kl. 17-20



Íslensku jólasveinarnir þrettán

notaðar voru til að hræra í pottum.

Stekkjastaur Fannst best að sjúga ærnar en var með staurfætur svo það gekk heldur erfiðlega.

Pottaskefill Hirti óhreinu pottana úr eldhúsinu og skóf þá að innan með puttunum. Þeir þurftu engan þvott eftir þá meðferð.

Giljagaur Hafði yndi af mjólkurfroðunni og hélt sig mest í fjósinu.

Askasleikir Stal öskum fólksins, faldi sig með þá og skilaði ekki aftur fyrir en þeir voru tómir.

Stúfur Var lítill og snaggaralegur og fannst dásamlegt að kroppa leifarnar af pönnunum. Sérstaklega ef þær voru vel viðbrenndar.

Hurðaskellir Fannst ekkert skemmtilegra en að skella hurðum og notaði til þess hvert tækifæri sem gafst.

Þvörusleikir Mjór eins og girðingarstaur og þótti ekkert betra en að sleikja þvörur sem



Niðurlag fundargerða Mýrdalshrepps

samvinnu við ríkið um friðlýsingu.

B-listinn leggur fram bókun: *Fulltrúar B-listans benda á að sveitarstjórn Mýrdalshrepps hefur tvívegis á þessu ári veitt umsögn um Náttúruverndaráætlun 2009-2013 hvað varðar friðun hvannstöðs og brekkubobba í hlíðum Reynisfjalls. Í bæði skiptin hefur sveitarstjórn samþykkt samhljóða bókun þess efnis að hún hafni afdráttarlaust friðun með þeim rökum að engar hættur af manna völdum stafi að hvönn né brekkubobba, jafnframt að mjög skiptar skoðanir séu á meðal íbúa um ágæti friðlýsinga sem þegar gildi í Mýrdalshreppi. Við þessa samþykkt standa fulltrúar B-listans heilshugar.*

IV. Fundargerðir til kynningar:

1. Fundargerð almannavarnanefndar frá 9. nóvember 2009.

V. Annað kynningarefni

1. Völundarverk - Bréf Reykjavíkurborgar.
2. Bréf SASS 18. nóvember 2009.
3. Bréf SART dags. 18. nóvember 2009.
4. Bréf UMFÍ dags. 10. nóvember 2009.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.
Fundu slitið kl. 17:16

Þórhildur Jónsdóttir oddviti, Sif Hauksdóttir, Elín Einarisdóttir, Sveinn Pálsson sveitarstjóri, Karl Pálmason.

Aðventusaga

Palli var kominn í jólafötin sín, lítill fimm ára snáði. Hann stóð við sófaborðið og horfði á ljósín fjögur, sem loguðu á aðventukransinum. Hann var að hugsa um það, þegar mamma kveikti á fyrsta kertinu og um það, að í vikunni þar á eftir bókudu þau saman píparkökur, hann og mamma. Ó, hvað þær voru góðar. Þær voru líka ennþá betri af því að hann hafði fengið að móta úr þeim karla og kerlingar. Annan sunnudaginn í aðventu kveiktu þau á öðru kerti, og fóru síðan saman í kirkjuskólann. Hann mundi ekki vel hvað presturinn sagði, en þó mundi hann vel eftir því, að hann sagði frá því, að í Betlehem, borginni sem Jesús fæddist í, hefðu

fjárhirðar verið að gæta sauða og þá hefði engill komið til þeirra og sagt þeim, að hann væri að boða þeim mikinn fögnuð.

Palli mundi líka vel þegar mamma kveikti á þriðja kertinu og því fjórða. Nú horfði hann á öll fjögur kertin um leið og allar þessar hugsanir rifjuðust upp fyrir honum. "Páll, Páll!" Það var mamma sem kallaði á hann. Hún var komin í fínan kjól og pabbi í nýju gráu jakkafötin sín.

"Komdu, við erum að fara í kirkju."

Þegar þau voru komin í kirkjuna, hafði Palli orð á því við pabba, hvað allir væru brosandir og fínir, og hann spurði pabba hvers vegna. Pabbi sagði, að það væri vegna þess, að jólin væru gengin í garð. Palli hlustaði mjög vel á það sem presturinn sagði. Hann sagði frá því þegar Jesús fæddist. Hann sagði, að María og Jósef hefðu ekki fengið neina gistingu nema í fjárhúsi.

Palli hugsaði mikið um það, að fæðast í fjárhúsi eins og amma og afi áttu í sveitinni. Það komu tár í litlu barnaugun. Litla barnið var sett í jötu. Aldrei hafði Palli getað ímyndað sér, að barn hefði fæðst í kindakofa. Mamma hafði sagt honum, að hann hefði fæðst á fæðingardeild. Þetta var því erfitt að skilja fyrir lítinn dreng. Presturinn sagði líka, að Jesús væri jólagjöf Guðs til okkar.

Og hann minnti líka á, að þegar við opnuðum jólagjafirnar við jólatréð, þá skyldum við minnast þess, að Jesúbarnið væri stærsta jólagjöfin.

Um kvöldið þegar þau þrjú, mamma, pabbi og Palli höfðu lokið við að borða jólamatinn og sungið jólasöngvana, settust þau við jólatréð og opnuðu pakkana undir trénu. Nokkrir pakkar voru frá ömmu og afa í Reykjavík og nokkrir pakkar frá ömmu og afa í sveitinni og svo fékk Palli pakka frá mömmu og pabba. Ó, hvað hann var glaður yfir öllum þökkunum. Hann gleymdi þó ekki stærstu jólagjöfinni, sem er Jesús. Hann gleymdi ekki heldur að þakka Guði fyrir þessa gjöf, og fyrir það, að hún var handa honum.

Efni fengið af www.kirkjan.is



FUNDARGERÐ MÝRDALSHREPPS

453. fundar sveitarstjórnar Mýrdalshrepps, haldinn þriðjudaginn 1. desember 2009 kl. 16:00 á skrifstofu hreppsins, Austurvegi 17 í Vík.

Fundinn sátu undirritaðir aðalmenn. Sveitarstjóri ritaði fundargerðina á tölvu. Oddviti, Þórhildur Jónsdóttir setti fund og stjórnaði.

Gerðir fundarins:

I. Fundargerðir til staðfestingar.

1. Fundargerð fulltrúa eigenda Dyrhólaeyjar frá 23. nóvember 2009. Á fundinum var m.a. ítrekað fyrra álit "að Dyrhólaey sé opin að sem mestu leyti og að minnsta kosti sé opið upp á Háey allt árið. Einnig að landvörður verði ráðinn til að hafa umsjón með Dyrhólaey. Vísað er í minnisblað dr. Arnórs Sigfússonar fuglafræðings þar sem lagt er til að landvarsla verði á Dyrhólaey til að hafa eftirlit með umferð. Verði Dyrhólaey lokað að einhverju leyti verði eigendum Loftssala og Dyrhólahljáleigu og fulltrúum Mýrdalshrepps eftir sem áður heimil för um Eyna. Fundurinn krefst þess að engar ákvarðanir verði teknar um Dyrhólaey nema að höfðu samráði við landeigendur." Fundargerðin samþykkt.

II. Innsend erindi til afgreiðslu.

1. Bréf Túns vottunarstofu dags. 19. nóvember 2009. Stjórn Túns óskar eftir tilboði í hlut í félaginu sem áður var í eigu Baugs Group hf. Sveitarstjórn óskar ekki eftir að kaupa aukinn hlut í félaginu.

2. Bréf Þórðar Bergmann dags. 20. nóvember 2009. Þórður óskar eftir að taka á leigu 1 ha svæði austan svokallaðs Sýslumannstúns til að gera tilraunir með ræktun repju. Fyrir liggur samþykki Landgræðslunnar. Sveitarstjóra heimilað að ganga frá leigusamningi við Þórð til allt að þriggja ára.

3. Bréf Landgræðslunnar dags. 20. nóvember 2009. Óskað er eftir styrk fyrir árið 2010 vegna samstarfsverkefnisins Bændur græða landið. Óskað er eftir kr. 5.000,- fyrir hvern þáttakanda eða alls kr. 70.000,- Samþykkt.

III. Málefni til umfjöllunar / afgreiðslu.

1. Skóladagar í grunnskóla - bréf menntamálaráðuneytis dags. 16. nóvember 2009. Vísað til fræðslunefndar.

2. Leiga á húsnæði - Nautilus Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

3. Frá fyrra fundi - Tillaga til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009-2013. Samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar 26. nóvember sl. var boðað til íbúafundar 30. nóvember um Náttúruverndaráætlun 2009-2013. Á fundinum kynntu fulltrúar frá Umhverfisráðuneyti, Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfisstofnun hugmyndir um að friðlýsa búsvæði brekkubobba í austurhlíðum Reynisfjalls. Á fundinum mættu á bilinu 80-100 manns. Á fundinum var eftirfarandi ályktun samþykkt með öllum þorra atkvæða "Fundur íbúa í Mýrdalshreppi, haldinn í Leikskálum þann 30. nóvember 2009. Hafnar alfarið friðlýsingu á hvannastóði undir Reynisfjalli, búsvæði brekkubobba tillaga til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009-2013, á 138. lögjafarþingi. Þar sem ekki verður séð að hvönn eða brekkubobba sé nokkur hætta búin af manna völdum." Í lið 1 á fundi umhverfis- og náttúruverndarnefndar Mýrdalshrepps þann 26. nóvember sl. var eftirfarandi tillaga samþykkt með 3 atkvæðum:

"Umhverfis- og náttúruverndarnefnd Mýrdalshrepps telur að sú sátt meðal heimamanna sem vera á forsenda friðlýsingarinnar sé ekki fyrir hendi og hvetur sveitarstjórn eindregið til að hafna öllum friðlýsingaráformum að svo komnu máli." Tillaga umhverfis- og náttúruverndarnefndar samþykkt með 2 atkvæðum (EE, KP). Þrjár sitja hjá (SP, ÞJ, SH).

D-listinn leggur fram bókun: *Fulltrúar D-lista telja ekki rétt að hafna alfarið samvinnu við ríkið um náttúruvernd og að eðlilegt væri að koma til móts við sjónarmið sem fram koma í þingsályktunartillögunni eftir því sem hægt er án þess að það raski hefðbundnum nytjum eða umgengni íbúa á svæðinu og hefti í engu framgang fyrirhugaðra vega- og gangnafrankvæmda um Reynisfjall. Benda má á að slík afmörkun búsvæðis jurta og lífvera sem talin er ástæða til að vernda gæti auðveldað framgang umhverfismats þegar til framkvæmda kemur. Fulltrúar D-lista vilja þó ekki ganga gegn samþykkt íbúafundar 30. nóvember sl. og sitja hjá við afgreiðslu tillagna um að hafna alfarið*

KJARRVALL

299 kr./stk. Meistarar Jólakaka



129 kr./stk. Jólajógurt m/jarðarberjum



449 kr./pk. Big Bistro pizza 2 teg.



298 kr./stk. Kjörts tilbóðsís 2 teg.



339 kr./pk. Breiðholtsb. Kleinnhringir




259 kr./pk. Passíonata pizza 3 teg.



399 kr./pk. Lambi jólaeldhúsnúllur



399 kr./kg. Jarðarber í boxi



99 kr./stk. Lífi safi 3 teg.



199 kr./stk. Allra glerreinsir



1698 kr./stk. Noa kontakt 550 g



1429 kr./kg. SS Bayonne skinka



Jólbað vikuanna

2249 kr./kg. Sambands hanglaeri urðinað

2% afsláttur



1259 kr./kg. hamborgarhryggur

30% afsláttur



KJARRVALL

KJARRVALL

4880 kr. Vigdis Kona verður forseti



3970 kr. Hylðipi



4480 kr. Sólstjaka



3690 kr. Nýtt tungl




2395 kr. Angels & demons



4780 kr. Snorti Evisaga Snorra Sturlusonar



3990 kr. Hvíti tígurinn



2720 kr. Núll 9



2395 kr. Karlar sem hata konur



4690 kr. Heimsmetabók Guinness



3990 kr. Auður



3830 kr. Kartsvagninn



2395 kr. Night at the museum 2



KJARRVALL

SJÁ ÖPNUNARTÍMA Á WWW.KJARRVALL.IS

Klaustur: Sími: 487 4616 | Viki: Sími: 487 1325 | Hvalvegur: Sími: 585 7590 | Þorlákshöfn: Sími: 585 7595 | Hella: Sími: 585 7585